



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2022

TRST3HH05

Kennari	Björn Sturlaugsson / bjorn.sturlaugsson@fss.is Bjarki Ásgeirsson / bjarki.asgeirsson@fss.is Rétt er að benda á að áfanginn skiptist í tvo hluta annarvegjar bóklegan kennari Björn St. og hinsvegjar verklegan kennari Bjarki Ásgeirsson	
Viðtalstími	Björn Sturlaugsson Þriðjudag kl. 11:15 – 11:55 Bjarki Ásgeirsson Föstudag kl. 11:15 – 11:55	
Námsefni	www.byggingareglugerd.is Hefti um stiga (hjá kennara) Húsasmíði timburhús eftir Anders Fröstrup	
Áfangalýsing	Í áfanganum læra nemendur um smíði tréstiga innanhúss með áherslu á algengustu útfærslur þeirra, samsetningar, smíði og yfirborðsmeðferð. Nemendur læra að búa til skapalón í fullri stærð eftir teikningum og hvernig þau eru notuð til að smíða þrep, stigakjálka og stigahandrið með rimlum m.m. Nemendur fá þjálfun í að smíða tréstiga eða einstaka hluta þeirra í smækkaðri mynd og nota til þess hefðbundin áhöld og algengar trésmíðavélar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og er áfanginn bæði ætlaður húsasmíðum og húsgagnasmíðum.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Einkunn fyrir verkefnavinnu og könnun gildir samanlagt 90%		
	Ástundun gildir 10%		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Ástundun (viðvera/mæting, virkni í tímum/vinnubrögð og frágangur)		10%
	Verkefnavinna		45%
	Könnunarpróf (útlagning á stiga/smíði á líkani)		45%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

	Aðaláhersla áfangans er á verkefnavinnu bæði bóklega og verklega sem þýðir að nemandi er nauðsynlegt að nýta tímann vel. Bent er á mætingareglur skólans og skólareglur sjá http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/skolareglur http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/skolasoknarreglur/skolasoknarreglur
--	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma. Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma. Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi nemandi án námsgagna í tíma. Rétt er að benda á að samkvæmt núgildandi mætingarreglum missir nemandi rétt til að sitja áfram í áfanganum ef hann fer yfir 7 fjarvistir. Nemendur hafa fjóra daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)! Þetta er áætlun, kennari áskilur sér rétt til frávika frá þessari áætlun!	
---	---	--

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Alls		92 klst. = 5 feín*

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • umgengni og notkun trésmíðavéla fyrir smíði tréstiga innanhúss • vali efna til smíði tréstiga innanhúss • öryggisþáttum og viðhaldi trésmíðavéla • öryggisreglum og öryggisbúnaði varðandi smíði stiga og handriða • límtré og notkun þess í þrep, uppstig og kjálka á tréstigum • smíðisfestingum til notkunar við samsetningu tréstiga • notkun prófíla úr málm og plasti á tréstiga og handrið • áhöldum og tækjum til smíði tréstiga og handriða innanhúss • uppbyggingu og notkun hjólsaga og bandsaga í smíði tréstiga • öryggisreglum og öryggisbúnaði áhalda og tækja • samsetningaraðferðum á tréstigum og handriðum innanhúss • samsetningum með bæði grötun og smíðisfestingum á tréstigum • uppsetningu og festingu handriða við stigakjálka og í vegg • formlímingu á bognum smíðishlutum í kjálka og handrið • yfirborðsmeðferð tréstiga og handriða innanhúss • aðferðum og efnum til að yfirborðsmeðhöndla tréstiga og handrið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota vélar og handverkfæri til smíði tréstiga og handriða • smíða og setja upp algengustu tegundir tréstiga • lesa og vinna með teikningar frá hönnuðum
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • velja heppilegt smíðaefni með tilliti til útfærslu og notkunar • velja og halda við áhöldum fyrir smíði tréstiga og handriða • velja trésmíðavélar og rafmagnshandverkfæri til stigasmíði • velja þvingur og pressur fyrir smíði tréstiga og handriða • beita öryggisreglum og öryggisbúnaði varðandi smíði stiga og handriða • velja slípi- og lökkunarkerfi fyrir mismunandi viðartegundir • gera viðeigandi öryggisráðstafanir við yfirborðsmeðferð á tréstigum og handriðum • smíða snúinn tréstiga með eða án handriðs og setja upp • smíða þrep og kjálka á snúinn tréstiga með viðeigandi samsetningum • búa til skapalón í fullri stærð eftir stigateikningum • smíða rimla, handrið og stigastólpa eftir því sem við á • setja saman tréstiga í samræmi við kröfur um málsetningu og útlit	

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. - 14. janúar	Kynning Reglugerð um stiga og stigahús.	
2. vika 17. – 21. janúar	Ýmsar stigagerðir	
3. vika 24. – 28. janúar <i>Forvarnavika gegn einelti</i>	Hugtök og reglur varðandi stiga.	
4. vika 31. jan. – 4. febrúar	Útreikningar á uppstigi og framstigi. Þrepadeilir	
5. vika 7. – 11. febrúar	Útreikningar á uppstigi og framstigi. Þrepadeilir	
6. vika 14. – 18. febrúar	Stiga-teikningar.	Skil á bóklegumverkefnum um stiga
7. vika 21. – 25. febrúar	Stiga-teikningar.	
8. vika 28. feb. – 4. mars	Stiga-teikningar.	Stigateikningar skil Könnun
9. vika 7. – 11. mars	Stigamíði	
10. vika 14. – 18. mars	Stigamíði	
11. vika 21. – 25. mars	Stigamíði	
12. vika 28. – 31. mars	Stigamíði	
13. vika 4. – 8. apríl <i>Starfshlaup 8. apríl?</i> <i>Páskafri 9. – 18. apríl</i>	Stigamíði	
14. vika 19. – 22. apríl	Stigamíði	
15. vika 25. – 29. apríl	Stigamíði	
16. vika 2. – 6. maí	Stigamíði og frágangur	Smíði á stigalíkani lokið

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Björn Sturlaugsson

Bjarki Ásgeirsson